


ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Úthlutun 2006

Janúar 2006



*Kastkennsla Ármanna hefst í vor, út undir berum himni.
Hér má sjá ljúfa veiðimynd frá liðnu sumri, rauða Snældu ber við himinn í Dölnum.*

„Hættum þessum kraftaköstum“

Kastkennsla Ármanna verður með breyttu sniði á nýju ári. Nú verður kennt út undir berum himni, á Klambratúninu, um leið og lofthiti verður kominn í einsog 10 stig í vor.

„Við köstum hvort sem er aldrei inni þegar við veiðum“ segir Stefán Hjaltsted, kokkur og yfirkennari í kastkennsluskóla Ármanna. „Þegar það var ljóst að við fengjum ekki salinn í vetur þá lagði ég til að við færðum kennsluna út og gerðum hana markvissari. Þetta verða tveir dagar, sex klukkutímar alls. Ég álit að þetta sé í sjálfu sér mikil framför og að nemendurnir komi til með að fá meira útúr þessu en sunnudagsmorgnunum góðu.“ Það verða sex til sjö kennarar við kennslu ásamt Stefáni og sem endranær verður

efnisskráin fjölbreytt, kastkennsla og ómæld fluguheimspeki. Stefán leggur mikla áherslu á að þetta sé fyrir alla, líka þá sem þykjast lengra komnir og hafa kastað í mörg herrans ár. „Þessi námskeið eru fyrir alla, líka veiðimenn sem kunna svolítið fyrir sér. Ég var með fáeina gamla Ármenn á námskeiðum hjá mér í fyrra og þeir lærðu heilmikið í viðbót við það sem þeir kunnu fyrir. Menn þurfa að hætta þessum kraftaköstum og láta stöngina vinna. Þetta er eilífðarþjálfun og það geta allir veiðimenn lært eitthvað meira þegar kemur að kastinu. Við erum með nóg af stöngum, það er ekkert vandamál. Ég hef haft þann hátt á að ég læt menn byrja með stangir frá mér, síðan geta þeir notað sínar eigin stangir á seinni

hluta námskeiðsins ef þeir kæra sig um. Það verður stundum til þess að menn átta sig á hvað þeir eru með lélegar stangir. Menn hafa kannski fengið þær gefins eða tekið þær í arf eftir afa sinn. Ég segi þeim þá gjarna að nota frekar þessar stangir sínar sem göngustafi. Það er svo gott verð á flugustöngum í dag að það er alveg ástæðulaust að veiða með hálf ónýtum græjum.“

Ólíkt þeirri óðaverðbólgu sem ríkir í veiðileyfasölunni nú um stundir, þá er sama lága verðið á kastkennslunni hjá Ármönnum.

Félagsmenn greiða 6500 krónur fyrir námskeið, utanfélagsmenn 7500.

Skráning, Stefán Hjaltsted í síma 862 1329 og Ragnar H. Björnsson í síma 696 9374.



Úr Grímsá þar sem Ragnar stjórnarmaður mundar stöngina

Margir kannast eflaust við það að rjúka til veiða í miklum hasti og vera ekki búnir að undirbúa förina að öðru leiti en hafa greitt fyrir veiðileyfið. Veiðihjól og stangir liggja óhreifðar frá síðasta veiðitúr, jafnvel síðasta ári, vöðlurnar eru í krumpi í vöðlupokanum og allt í óreiðu í fluguboxunum. Matarinnkaupum er ólokið og málunum bjargað með því að koma við í Borgarnesi og grípa með sér nokkrar samlokur og pilsner. Vinnan sem hlaup- ið var frá er að angra hugann og eiginkonan, sem óvænt hafði fengið tilkynningu um að nú

stæði til að fara til veiða, er ekki sérlega ánægð á svipinn þegar bóndi hennar þeysist úr hlaði á jeppanum. Þegar á veiðistað er komið er spenningurinn og óðagotið svo mikið eftir að hafa ekið í loftköstum nánast alla leiðina að ekki er gætt að því að taumar séu í lagi eða hvort línan sé þrædd í allar lykkjurnar á stönginni. Svo er byrjað að kasta með látum en köstin eru ekki góð. Allt gengur á afturfótunum og engin er veiðin, bráðin ýmist flúin eða jafnvel tekin að hæðast að veiðimanninum með því að bylta sér og sýna á sér sporðinn. Veiðimaðurinn sem

Til fundar v

enn er umvafinn borgarmenguninni, stressinu og hraðanum er ekki í sambandi og hugur hans er ekki í jafnvægi. Hann nær ekki einbeitingu, skynjar ekki náttúruna í kringum sig, hefur ekki tilfinninguna í fingrunum og sér ekki né skynjar hvar bráðin liggur. Reyndur veiðimaður hefur þó forskot á þann óreynda þegar svo er ástatt og setur janvel í fisk en hefði eflaust fiskað betur hefði einbeitingin verið í lagi.

Eftirminnilegustu stundirnar úr veiðiferð eru þær þegar veiðimaður fær það sterklega á tilfinninguna að þá og þegar muni hann setja í fisk. Það er eitthvað í andrúmsloftinu sem fær veiðimanninn til að skynja að einmitt núna muni hann taka. Veðrabrigði eru í lofti og veiðisvæðið fær á sig dulúðugan blæ, það ríkir djúp þögn í huga veiðimannsins þrátt fyrir árniðinn og gnauðið í vindinum og hann skynjar í gegnum línu veiðistangarinnar að nú fari að draga til tíðinda. Línan hefur lagst í fallegan boga og líður yfir vatnsflötin í átt að líklegum legustað með tifandi fluguna á endanum. Veiðimaðurinn mundar línuna og gefur flugunni líf. Hún berst yfir legustað og bang! Línan rýkur út og það hvín í hjólinu. Hvað hefur gerst? Jú, fiskur beit á agnið

Aðalfundur Ármanna verður haldinn mánudaginn 6. febrúar 2006 kl. 20 í Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík.

Dagskráin er svohljóðandi:

1. Fundarsetning, skipun fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar.
3. Skýrsla stjórnar. Umræður.
4. Reikningar félagsins. Umræður og afgreiðsla.
5. Stjórnarkjör og kjör skoðunarmanna.
6. Kaffihlé.
7. Ákvörðun um árgjald og inntökugjald.
8. Lagabreytingar.
9. Önnur mál.

Á fundinum skal kjósa þrjá nýja stjórnarmenn en úr stjórn ganga Jóhanna Benediktsdóttir formaður, Kristbjörg Sigurfinnsdóttir og Örn Svavarsson. Í stjórn sitja áfram til eins árs: Ragnar H. Björnsson, Viktor Smári Sæmundsson, Jón Ó. Skarphéðinsson og Björn Grétar Sveinsson.

Tillaga stjórnar um formann og nýja stjórnarmenn: Ragnar H. Björnsson verði formaður, Örn Daníelsson, Úlfar Ormarsson og Hafþór Ólafsson stórnarmenn.

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn: Sigurður Jónsson, Halldór Lárusson og til vara Sigurður Benjamínsson.

Aðrar Tillögur um stjórn og skoðunarmenn hafa ekki komið fram.

Fjölmennum stundvíslega!

Stjórnin

Við lónbúann

en jafnframt var veiðimaðurinn í sambandi við umhverfi sitt. Hann vissi að í þessu kasti myndi hann taka.

Er þetta hugarástand eða reynsla og tækni veiðimannsins? Ég leyfi mér að halda því fram að þrátt fyrir góða tækni og mikla hæfni þarfnist veiðimaður algjörar einbeitingar hugans til að upplifa slíka lífsreynslu.

En því miður ganga hlutirnir ekki alltaf fyrir sig á þennan hátt þrátt fyrir góðan vilja til að ná og halda einbeitingunni. Það er stundum algjör ládeyða. Fiskurinn gefur sig ekki þrátt fyrir fögur köst, góðan veiðibúnað og mikla einbeitingu veiðimannsins. Það er ekki bröndu að fá.

Veiðimaður er orðinn vonlítill um að nokkuð sé að hafa. Hann skiptir um flugu og taum, setur undir lítið loðið héraeyra og ákveður að renna fyrir silung. Hann kastar á nokkra vel valda staði en án árangurs. Það er komið að kvöldi, hann ákveður síðasta kastið og hugsar til þess hve notalegt verði að koma í veiðihúsið og og fá sér hressingu eftir volk dagsins og aflaleysi. Og þá gerist undrið. Tekið er hraustlega í línuna og um leið hvín í hjólinu. Lax sýnir sig með því að stökkva nokkrum sinnum og nú hefst bar-



Frá Reykjadalssá í Reykjadal

átta um að halda bráðinni því taumurinn er grannur og ætlaður silungi sem og flugan sem nú er föst í skolti skepnunnar í vatninu. Bráðinni er landað eftir langa og spennandi viðureign og veiðimaðurinn, minnugur gamalla heilráða, kastar aftur á sama staðinn. Og viti menn. Annar lax hefur tekið héraeyrað.

Það er sem sagt ekki á vísan að róa þegar fengist er við veiðar, heldur er það alfarið athæfi veiðimannsins sem ræður því hvort fiskur tekur fluguna sem beitt er. Það mikilvæga við veiðar er einbeitingin þó auðvitað verði sumir

fyrir því glópaláni að setja í fisk með hugann víðs fjarri stað og stund.

Góð regla er að mæta tímanlega í veiðihús til að ná sér niður eftir langt ferðalag og stressið við að koma sér úr bænum. Teiga þá í sig andrúmsloft staðarins, skoða veiðibækur, útbúa nesti, gefa sér tíma tilundirbúnings og sakar þá ekki að taka létt spjall við veiðifélagna á meðan. Næsta skref er svo að setjast niður við árbakkann og horfa í straumvatnið.

#639

Framundan í Árósum

Janúar

- 23. Afgreiðsla veiðileyfa
- 24. Afgreiðsla veiðileyfa
- 25. Potturinn - Dregið um laus veiðileyfi
- 27. janúar Þorrabklót Ármanna

Febrúar

- 6. Aðalfundur Ármanna
- 15. Árni Þór Sigurðsson # 382 sýnir meðferð afla og eldar eitthvað sniðugt

Mars

- 15. Johannes Sturlaugsson hjá Laxfiskum ehf fræðir

okkur um urriða o.fl.

- 29. Þór Nielsen # 281 segir frá kynnum sínum af Þingvallavatni, flugum og fiskum

April

- Daníel J. Pálsson # 490 ræðir um vötnin sunnan Tungnaár
- 22. Vorfagnaður Ármanna
- 29. - 30. Vorhreinsun við Hliðarvatn



Hliðarvatn í Selvogi					
	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept
1	28	549	315		1
2	579	373	308		549 2
3	493	680	625		662 3
4	664	73	341		4
5	661	511	566	469	5
6	652	417	639	303	6
7	416	544	303	579	7
8	578	27	120	623	8
9	629	285	676	702	492 9
10	697	150	544		10
11	701	362	376	386	11
12	506	496	645	341	12
13	592	456	357	687	246 13
14	308	704	634		14
15	576	732	566		15
16	230	374	687		702 16
17	623	399	364		17
18	342	387	447	658	18
19	681	407	454	40	19
20	667	230	681	456	20
21	349	680	652		21
22	425	367	658		22
23	300	424	713		23
24	702	369	670		24
25	556	583	342		25
26	589	732	386	635	26
27	661	97	623	493	27
28	659	492	652		28
29	383	368	662		29
30	632	249	634		30
31	406		315		31

Úthlutun veiðileyfa

23. janúar
Afgreiðsla veiðileyfa

24. janúar
Afgreiðsla veiðileyfa

25. janúar
Potturinn - Dregið um laus veiðileyfi

Grenlækur			
GL 1	348	614	607 651
GL 2	666		
GL 3	20.-22.mai		
GL 4	469		
GL 5	586		
GL 6	523 523 682 691		
GL 7	18.-20.júlí		
GL 8	20.-22.júlí		
GL 9	3.-6.ág.		
GL 10	670		
GL 11	523 664 682 691		
GL 12	625		
GL 13	339 382 402 705		
GL 14	14.-16.okt.		

Vatnsdalsá
708
566
369
40
349
348
614
645

Skálmardalsá
20. - 23. júlí
639
29.júl. - 1. ág.
651
1. - 4. águst
386 387 407

Porrablót Ármanna verður haldið föstudaginn 27. janúar.

Dagskrá

Ræðumaður kvöldsins

Leynigestur

Tónlist, söngur og fjör

Guðmundur Haukur Jónsson og Björgvin Gíslason

Félagsmenn skrái sig í Árósum, daganna 23.-25. janúar eða í

síma 696 9374 hjá Ragnar H. Björnssyni.

Makar og gestir velkomnir.